



**P. PORGRÍMSSON & CO**  
ÁRMÚLA 29 - 108 REYKJAVÍK - S:553 8640 - WWW.THCO.IS

## Leiðbeiningar

### Wicanders W 2000 vatnslakk

Fljótþornandi – Lyktarlítið - Leysiefnalaust – Slitpolið

**Eiginleikar :** 100% Pólýurethan vatnslakk, mjög harðgert sem nær hámarks hörku eftir 8 daga þegar það er full þornað, mikil teygja og frábært þol gegn kemískum efnum.

**Notkun :** Til lökkunar á ómeðhöndluðum náttúrukorkflísunum, marmarakorki, Identity og Personality.

**Blöndun :** Blandið 10% herði út í lakkið og hristið vel (meðfylgjandi lítil dós)

**Notist innan 2ja klst. eftir blöndun.**

Eftir blöndun lakks og herðis verður lakkið hvítleitt á litinn.

Ráðlegt er að blanda aldrei saman meira magni en fyrirhugað er að nota í hvert sinn. - Eftir 2-3 klst. er ónotuð blanda, ónothæf.

**Lökkun :** Berið lakkið á c/a 12 klst eftir að korkurinn hefur verið límdu (lagður) á gólfið. **Þetta á ekki við ef notað er W-240 lím frá Wicanders.**

Ef notað er W-240 lím má lakka yfir strax eftir lögn.

Hreinsið af korkinum öll óhreinindi sem hindra geta viðloðun lakksins ( ryk, vax, olía, silicon o.s.frv. )

Munið að fjarlægja límbletti af yfirborði korksins áður en lakkið er borið á. **Notið sandpappír eða möttunarmottu til að matta yfirborð fyrir lökkun. (P400 eða fínni)** Best er að nota lakkrúllu af gerðinni ANSA 550525 eða sambærilegt..

**Berið á 3 umferðir af W 2000 (jafnvel 4 umferðir, ef afgangur er) .**

Látið þorna í 2-3 klst. milli umferða. Ef líða 24 klst þarf að matta fyrir lökkun líkt og um endurlökkun er að ræða. **Mikilvægt að láta fljóta vel.** Þússið gólfið með fínum sandpappír fyrir síðustu umferðina (**þó ekki skilyrði**) en munið að ryksuga vel áður en að síðasta umferðin er borin á.

**Efnisnotkun :** 100-120 g/m<sup>2</sup> per umferð ( Dæmi : 1 ltr. = 8 til 12m<sup>2</sup> )

**Þornun :** U.þ.b. 2 klst. ( pr umferð ) við +20°C og 65% raka.

**Óhætt er að ganga á gólfinu eftir c/a 8-24 klst (80- 90% hörðun).**

**Endanleg hörðun næst eftir 8 daga.** Æskilegt er að hvorki þvo gólfið né leggja teppamottur á fyrstu 8 dagana.

**Dagleg þrif :** Notið aðeins vatn, **Wicanders Soft Cleaner** eða aðrar mildar gólfsápur

**Hreinsun áhalda :** Þvoið áhöld strax með vatni eftir notkun.

**Förgun lakksins :** **Varist að hella afgangi af lakkinu í niðurföll.**

**Leyfið ónotuðum afgangi af blöndunni að þorna og fargið hjá Sorpu.**

**Geymsla :** Lakkið hefur takmarkaðan geymslutíma, u.þ.b. 9 mánuðir, vel lokað í upprunalegum umbúðum.

Í vörugeymslu og við flutning skal hitastig vera á milli +5°C til 25°C.

**Geymið þar sem börn ná ekki til.**

**Neytið hvorki matar, drykkjar eða reykið í námunda við lakkið.**

**Notið hanska við lökkunina.**

**Loftræstið vinnustaðinn.**

**Þvoið lakkið af með vatni ef það berst á hörundið.**

**Nánari upplýsingar: P. Porgrímsson & Co - S: 512-3360**